

10. gr.

Merkið, allt eða hluta þess má ekki nota til skreytingar eða munsturgetar, nema leyfi sjóðsstjórnar komi til.

11. gr.

Verði Eiðaskóli í núverandi formi lagður niður, skal sjóður þessi ganga til þeirra stofnunar á Austurlandi, sem kæmi í hans stað.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í Reykjavík, 20. okt. 1965.

Staddur á Eiðum 17. okt. 1965.

Sigrún Sigurbórsdóttir.

Þórarinn Þórarinsson.

Nr. 141.

18. júní 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi
nr. 35 19. febrúar 1970.

1. gr.

Við fyrstu grein reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Úr tollskrárnúmeri:

21.07.09 Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma- og mjólkurís.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 142.

26. júní 1970.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks, skulu hækka um 20% frá 1. júlí 1970 að telja.

Heimild náí og til hækkunar um allt að sama hundraðshluta á þeim bótum, sem veittar eru samkvæmt sérstökum heimildum, eftir ákvörðun Tryggingastofnunarinnar og samkvæmt tillögum sveitarstjórna, þar sem það á við, sbr. 21. gr. almannatryggingalaga.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965 um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 26. júní 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Hjálmar Vilhjálmsson.